

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, eða varðhaldi ef miklar sakir eru. Sinni aðili ekki innan tiltekins frests fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkv. reglugerð þessari, getur hún ákveðið honum dagsektir allt að kr. 2 000 þar til úr er bætt. Dagsektir renna í bæjarsjóð.

11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Selfoss staðfestist hér með samkvæmt l. nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 2. maí 1980.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108,
10. febrúar 1977, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 1 362.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b) Vatnsgjald kr. 3 445.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemilsins, sem skiptist þannig:

Flutningagjald	kr. 1 150.00
Heitt vatn	— 2 295.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss: (utanmál) m ³	Heimæðargjald
Allt að 600	897 187.00
600—2000	897 187.00 fyrir 600 m ³ + 559 kr. m ³ þar yfir.
2000—6000	1 679 787.00 fyrir 2000 m ³ + 480 kr./m ³ þar yfir.
6000—10000	3 599 787.00 fyrir 6000 m ³ + 417 kr./m ³ þar yfir.
Meira en 10000	5 267 787.00 fyrir 10000 m ³ + 368 kr./m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum að mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 75 224.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins sky. þágildandi gjaldskrá.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð hús-
eiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna
með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 4 480.00
í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps stað-
festist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi
og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 276.

9. apríl 1980.

Staðfesting forsetans á stofnskrá listasafns Háskóla Íslands, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. apríl 1980.

Stofnskráin er þannig:

STOFNSKRÁ

listasafns Háskóla Íslands.

1. gr.

Stofnað er listasafn Háskóla Íslands með listaverkagjöf hjónanna Ingibjargar
Guðmundsdóttur og Sverris Sigurðssonar, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi.

2. gr.

Stofngjöf listasafnsins er 70 myndir eftir Þorvald Skúlason og 25 myndir eftir
aðra íslenska höfunda, sbr. meðfylgjandi skrár. Hvorki má selja þessar myndir né
aðrar sem safninu kunna að verða gefnar.

Þau málverk Þorvalds Skúlasonar, listmálara, er safnið fær upphaflega að
gjöf og kann síðar að eignast, skulu mynda sérstaka deild í safninu, er bera skal nafn
listamannsins.

3. gr.

Til listasafnsins skal Háskóli Íslands árlega leggja 1% þeirrar fjárhæðar, sem
varið er til nýbygginga á vegum skólans, í fyrsta sinn árið 1980. Heimilt skal safninu
að veita viðtöku gjöfum, hvort sem er í formi listaverka eða annarra fjármuna.
Tekjum safnsins skal varið til varðveislu þess og viðhalds og kaupa á listaverkum.

4. gr.

Fyrst í stað verður safninu ætlaður staður í næstu nýbyggingu á háskólalóð,
svonefndu hugvísindahúsi. Þar skal hluti safnsins að jafnaði aðgengilegur fyrir
almennig og þeir, sem leggja stund á rannsóknir í íslenskri myndlistasögu, skulu
hafa aðgang að því eftir því sem við verður komið. Einnig er í húsinu gert ráð
fyrir geymslu fyrir þann hluta safnsins, sem ekki er til sýnis hverju sinni.